



SKIPULAG - HVALEYRARVATN OG HÖFÐAR - BREYTING Á DEILISKIPULAGI



FYRIR BREYTINGU - DEILISKIPULAG SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN HAFNARFJARÐAR 18.9.2001
MEÐ ÁORÐNUM BREYTINGUM

MKV. 1:5000



EFTIR BREYTINGU

MÖRK SKIPULAGS

MKV. 1:5000

Núverandi fyrirkomulag:

Gildandi deiliskipulag af svæðinu, Hvaleyrarvatn og Höfðar, var samþykkt af skipulags- og umferðarnefnd Hafnarfjarðar þann 21. ágúst 2001 og í bæjarstjórn 18.9.2001. Breytingar á skipulaginu voru samþykktar af skipulags- og byggingarfullrúa 9.5.2012 og 9.4.2019.

ÚR GREINARGERÐ GILDANDI DEILISKIPULAGS:

1.5.4 Byggingar

- Í eigu St. Georgsgildis skáta: Skátaskáli við sunnanvert vatnið.

1.5.5 Skógrækt og uppgræðsla

Í gildi er samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Skógræktarfélags Hafnarfjarðar um ræktun á umsómdu svæði í upplandi Hafnarfjarðar. Samningurinn var upphaflega gerður í mars 1990 og að nýju með breytingum í apríl 1999

1.5.6 Vatnsvernd

Í suðurhluta skipulagssvæðisins liggja mörk fjar- og grannsvæðis vatnsverndar.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi:

Lóð St. Georgsgildis skáta:

Með deiliskipulagsbreytingu sem öðlaðist gildi 25.05.2012 var afmörkuð lóð umhverfis skátaskála St. Georgsgildis skáta við sunnanvert Hvaleyrarvatn. Breytingin nú gerir ráð fyrir að skilgreindur verði byggingarreitur á lóðinni. Hámarks byggingarmagn á lóðinni er 300m².

Fyrirhugað er að sett verði upp salerni innan lóðarinnar til afnota fyrir göngufólk á leið umhverfis vatnið. Salernið verði leitt í rotþró/hreinsivirki, sem einnig er staðsett innan byggingarreits. Nota skal tveggja þrepa rotþró eða annan sambærilegan búnað sem losa skal eftir þörfum. Öll frárennismál verða í samræmi við kröfur heilbrigðis-yfirvalda, sbr. reglugerð nr. 798/1999 m.s.br.

Ræktunarsvæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar.

Með samningi dags. 26. mars 1990 milli Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og Skógræktarfélags Íslands, hafa samningsaðilar ákveðið að stuðla sameiginlega að ræktun landgræðsluskóga á um 20ha landi við Seldal. Með landgræðsluskógi er átt við skóg sem ræktaður er á örfoka, ógrónu, lítt eða hálfgrónu landi. Með breytingu þessari eru skilgreind ný mörk ræktunarsvæðisins þar sem heildarstærð lóðar verður 116,6ha.

Vatnsvernd.


Breyting hefur orðið á vatnsverndarmörkum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar. Brunnsvæði við Straumsel er fellt út og því færast mörk vatnsverndar til suðurs sem nemur áhrifasvæðis þess. Við það er vatnsverndarmörkum aflikt af skipulagssvæði Hvaleyrarvatns og Höfða í samræmi við svæðiskipulagi höfuðborgarsvæðisins, sbr. samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015, dags. 19. júní 2015.

Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulags Hvaleyrarvatns og Höfða, dags. 21.8.2001



SKÝRINGARMYND: Lóð St. Georgsgildis skáta

MKV. 1:2000



STADSETNING Í BÆJARLANDINU

SKÝRINGAR:

- AFMÖRKUN SVÆÐIS SEM BREYTINGIN NÆR TIL
- NÚVERANDI BYGGINGARREITIR
- BYGGINGARREITIR
- ÚTIVISTARSVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- LÓÐARMÖRK
- NÝ LÓÐARMÖRK
- AKSLÓÐI/ÚTIVISTARGATA
- GÖNGU- OG HJÓLASTÍGUR
- STÍGUR / SLÓÐI
- REIÐGATA
- ÁNINGASTADUR Samkomu-, leik- og dvalarsvæði
- ÁNINGASTADUR Borð og bekkir
- BILASTÆÐI
- ÁNINGASTADUR HESTAMANNA
- ÚTSÝNISSTADUR
- FORMJUNJAR - HVERFISVERND 20m radius
- VEIÐI
- ROTÞRÓ/HREINSIVIRKI
- HRAUNJABAR
- NÚVERANDI GRÓÐUR
- NÝR GRÓÐUR
- SKÍÐA- OG SLEÐABREKKA
- BYGGINGARREITUR FYRIR SKÍÐALYFTU

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM GRENNDAKYNNT HEFUR VERIÐ SAMKVÆMT 2. mjr. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 M.S.BR. FRÁ 24.03.2020 - 21.04.2020, SAMÞYKKT AF SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐI

PANN: 07.04.2020

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA

PANN: 24.04.2020

Hafnarfjarðarbær

DEILISKIPULAG FYRIR
LÓÐ ST. GEORSGILDIS SKÁTA VIÐ
HVALEYRARVATN OG RÆKTUNARSVÆÐI
SKÓGRÆKTARFÉLAGS HAFNARFJARÐAR
VIÐ SELDAL

HAFNARFJARÐARBÆR
SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ
DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR

DAGS. 18.03.2020 MKV: 1:5000 BERGLIND GÚMUNDSDÓTTIR
LANDSLAGSARKITEKT FÍLA